

**Efni:** Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum (réttarstaða þriðja aðila)

Vísað er til erindis stjórnskipunar – og eftirlitsnefndar Alþingis varðandi umsögn við frumvarp til laga um upplýsingalög (réttarstaða þriðja aðila) þann 7. apríl 2020 (hér eftir „frumvarpið“).

Isavia ohf. („félagið“) vísar til fyrri umsagnar félagsins við frumvarpið inni á samráðsgáttinni þann 31. júlí 2019 og 5. mars 2020. Félagið telur breytingarnar vera jákvætt skref fyrir réttindi þriðja aðila í upplýsingamálum og að þær styrki meðferð upplýsingamála. Félagið vill ítreka umfjöllun sína um vægi afstöðu þriðja aðila og í hvaða tilfellum óska þurfi eftir afstöðu þriðja aðila.

Í 3. kafla; meginefni frumvarpsins, kemur fram varðandi 1. gr. frumvarpsins að „[sú] breyting sem lögð er til í frumvarpinu er fyrst og fremst að áréttu skyldu opinberra aðila til að leita eftir afstöðu þriðja aðila hafi þeir í hyggju að byggja synjun um aðgang að gögnum á 9. gr. eða 3. mgr. 14. gr. upplýsingalaga [...]“. Félagið telur að fullyrðingin samræmist ekki tilefni til umleitunar á afstöðu þriðja aðila eins og fram kemur í kafla 2.2. frumvarpsins. Þannig ætti skyldan ekki einungis að koma til ef upplýsingaskyldur aðili hafi í hyggju að byggja ákvörðun um synjun á aðgangi að gögnum á 9. gr. eða 3. mgr. 14. gr. upplýsingalaga heldur einfaldlega ef hann telur að gögnin kunni að varða virka hagsmuni þriðja aðila. Þriðji aðili gæti aðstoðað við að varpa ljósi á hvort sanngjarnt og eðlilegt er að upplýsingarnar skuli leynt fara. Afstaða upplýsingaskylds aðila þarf þannig ekki að vera komin á það stig að hann hafi í hyggju að synja um aðgang. Telja má að þriðji aðili er í betri stöðu heldur en upplýsingaskyldur aðili að varpa ljósi á það hvort umbeðnar upplýsingar varði mikilvæga og virka fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sína. Fær þessi afstaða félagsins stoð í kafla 2.2. frumvarpsins þar sem fram kemur að þáttur í að upplýsa mál kunni að felast í því „[...] að afla afstöðu þess sem upplýsingarnar varða til þess hvort hann telji eitthvað standa í vegi fyrir því að aðgangur verði veittur að þeim“. Félagið telur því eðlismun á hvort upplýsingaskyldur aðili hafi í hyggju að synja um aðgang og hvort kallað er eftir afstöðu þriðja aðila um hvort hann telji eitthvað standa í vegi fyrir aðgengi að upplýsingum. Í samræmi við ofangreinda umfjöllun vill félagið leggja áherslu á það sem fram hefur komið í fyrri umsögn félagsins um að afstaða þriðja aðila sé gefið frekara vægi í upplýsingalögunum þar sem þeir eru betur í stakk búnir til að færa rök fyrir hagsmunum sínum.

Virðingarfyllst,  
F.h. Isavia ohf.



Kolbrún Sara Másdóttir  
Lögfræðingur